

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Austurstræti 8–10
ÍS-150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaga (415. mál)

Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem birtar eru í ritinu *Íslenska til alls* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2009), voru lagðar fram hinn 16. nóvember 2008 á degi íslenskrar tungu og samþykktar sem þingsályktunartillaga á Alþingi 12. mars 2009. Í tillögnum er fjallað um ýmis svið íslenskrar tungu en aðalmarkmið þeirra er að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Lagaleg staða íslenskrar tungu er eitt umfjöllunarefna íslenskrar málstefnu (sjá bls. 25–29). Eins og rakið er í *Íslensku til alls* er ekki kveðið á um það í stjórnarskrá að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands. Í þessu efni sker stjórnarskrá Íslands sig frá stjórnarskrám margra Evrópulanda þar sem finna má ákvæði um þjóðtungu.

Íslensk málnefnd telur brýnt að setja í stjórnarskrá ákvæði um að íslenska sé tungumál lýðveldisins Íslands. Enn fremur er nauðsynlegt að tryggja þar stöðu íslenska táknmálsins og kveða á um rétt íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna til kennslu í íslensku svo að þeir geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku.

Svipuð viðhorf er að finna í *Skýrslu nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2010) og í grein Bjargar Thorarensen „Stjórnarskrárákvæði um stöðu íslenskrar tungu“ í *Skýrslu stjórnlaganefndar 2011* 1, bls. 217–24 (Stjórnlaganefnd 2011). Niðurstaða Bjargar Thorarensen er eftirfarandi (bls. 224):

„Það er eðlilegt og í samræmi við þróun stjórnarskráa í öðrum Evrópuríkjum á síðustu áratugum að huga að því að setja stjórnarskrárákvæði um að íslenska sé tungumál íslenska ríkisins eða að þjóðtungan sé íslenska. Myndi það styrkja stöðu tungunnar, undirstrika mikilvægi hennar og styðja við aðgerðir stjórnvalda til að efla og varðveita íslenskt tungumál með sérstakri löggjöf eða með öðrum aðgerðum.“

Íslensk málnefnd hvetur Alþingi til að tryggja stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls með stjórnarskrárákvæði og ítrekar álit sitt sent nefndinni 19. nóvember 2011. Slíkt ákvæði yrði traustur bakhjarl fyrir lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran
formaður

